

Erindi til innviðaráðherra og Vegamálastjóra

*Það stefnir í neyðarástand í samgöngum við Vestmannaeyjar.*

*Það er komið miður apríl - Landeyjahöfn er enn lokuð og ekkert gengur við dýpkun. Nýjasta mælingin sýnir afleita stöðu í höfninni og marga dýpkunardaga þarf til að opna. Í þeim dýpkunarglugga sem var að ljúka gat Álfnesið ekkert gert í hafnarmynninu og eru þeir farnir í Þorlákshöfn. Þeir treystu sér ekki til að vinna vegna stöðunnar í höfninni og ráða illa við verkefnið. Það er ekki útlit fyrir að þeir geti opnað höfnina á næstunni samkvæmt upplýsingum frá hafnardeild Vegagerðarinnar.*

*Herjólfur er bilaður – gengur bara á annarri skrúfunni og er mun lengur á leiðinni til Þorlákshafnar en venjulega, allt að 4 tíma. Haffæri er takmörkunum háð vegna bilunarinnar og skipið gæti verið kyrrsett í vondum veðuraðstæðum.*

*Samgöngurnar eru því mjög brothættar og er ástandið óvenju slæmt núna því höfnin hefur ekki opnað svona seint frá árinu 2019 þegar nýi Herjólfur hóf siglingar.*

*Þetta þýðir stórlega skertar sjósamgöngur. Í stað 7 ferða eru 2 ferðir á dag, stöðugir biðlistar fyrir bíla og í svefnrými og mjög löng sigling. Frá áramótum hefur Herjólfur siglt 73 dag í Þorlákshöfn sem þýðir um 146 ferðir í stað 511 ferða. Þetta skerðir verulega alla flutninga sem atvinnulífið treystir á og hefur í raun sett þá í uppnám. Þetta hefur áhrif á hagkerfið mun víðar en bara í Eyjum.*

*Ferðaþjónustan hefur einnig fengið skell enda höfnin venjulega opin á þessum árstíma. Hver dagur er mjög þungur og ástandið að verða óbærilegt.*

*Við þessu þarf að bregðast strax og óskar Vestmannaeyjabær eru eftirfarandi :*

*-Að Vegagerðin kanni nú þegar hvort Jan de Nul geti komið fyrir en gert var ráð fyrir og að þeir opni höfnina. Þeir hafa verið úrræðagóðir þegar staðan er erfið og eru með miklu öflugri búnað en sá aðili sem nú sér um dýpkun. Það þarf öflugra dýpkunarskip til að opna höfnina.*

*-Flugdögum verði fjölgað á meðan siglt er í Þorlákshöfn.*

*-Lögð verði fram áætlun um það hvernig á að bregðast við ef Herjólfur IV getur ekki siglt vegna viðgerða eða bilunar. Baldur dugar ekki í þeirri stöðu sem er í dag.*

*Við óskum eftir fundi við fyrsta tækifæri til fylgja þessu erindi eftir.*